

# 228. KIRKJURÁÐSFUNDUR

FIMMTUDAGUR 15. JANÚAR 2015 KL 9

haldinn á Biskupsstofu

---

## DAGSKRÁ

---

1. Fundarsetning og fundargerð síðasta fundar
2. Framkvæmdastjóri kirkjuráðs
3. Kirkjuþing 2014
  - a) 10. fundur 17. janúar 2015
  - b) 30. mál. Tillaga til þingsályktunar um viðaukasamning við Samkomulag íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar um kirkjujarðir og launagreiðslur presta og starfsmanna þjóðkirkjunnar frá 10. janúar 1997. (Innanríkisráðherra).
  - c) Lögfræðiálit Gests Jónssonar, hrl.
4. Fasteignir
  - a) Úttekt á Reynivöllum
  - b) Úttekt í Hruna
  - c) Nýtt húsnæði Biskupsstofu
5. Fjármál
  - a) Úthlutun úr Jöfnunarsjóði sókna
  - b) Úthlutun úr kirkjumálasjóði
  - c) Rekstraráætlanir jöfnunarsjóðs, kirkjumálasjóðs og Biskupsstofu
  - d) Nefnd um fimm alda minningu siðbótarinnar. Erindi frá Gunnari J. Gunnarssyni, formanni
  - e) Erindi frá þjónustusviði Biskupsstofu
6. Skálholt
  - a) Skipun stjórnar Skálholtsstaðar
  - b) Drög að erindisbréf stjórnar
  - c) Skipun skólaráðs Skálholtsskóla (Tilnefningar: þrír aðalmenn og þrír til vara)
7. Skipan nefndar til að fjölga meðlimum í þjóðkirkjunni.  
(Skipun þriggja manna starfshóps til að koma með tillögur að verkferlum)
8. Skipun Kirkjutónlistarráðs

---

## 1. FUNDARSETNING

---

Fundurinn hófst kl. 9:00. Mætt voru auk biskups Íslands, Agnesar M. Sigurðardóttur, kirkjuráðsmennirnir séra Elínborg Gísladóttir, Einar Karl Haraldsson, séra Gísli Gunnarsson, og Stefán Magnússon. Svana Helen Björnsdóttir kirkjuráðsmaður boðaði forföll.

Jafnframt sátu fundinn Ragnhildur Benediktsdóttir, framkvæmdastjóri, Sigríður Dögg Geirsdóttir, fjármálastjóri, Sveinbjörg Pálsdóttir, skrifstofu- og mannauðsstjóri, og Þorvaldur Víðisson, biskupsritari, sem ritaði fundargerð.

Magnús E. Kristjánsson sat fundinn þegar kirkjuþing 2014 var til umræðu.

Séra Kristján Valur Ingólfsson, vígslubiskup í Skálholti, sat fundinn þegar málefni Skálholts voru til umræðu.

Magnhildur Sigurbjörnsdóttir, verkefnisstjóri fjármála, sat fundinn við afgreiðslu umsókna í Jöfnunarsjóð sókna.

Biskup Íslands setti fundinn með ritningarlestri og bæn.

Fundargerð 227. kirkjuráðsfundar var samþykkt.

---

## 2. FRAMKVÆMDASTJÓRI KIRKJURÁÐS

---

Starf framkvæmdastjóra kirkjuráðs er nú sinnt tímabundið af Ragnhildi Benediktsdóttur. Drög að starfslýsingu framkvæmdastjóra kirkjuráðs voru lögð fram til umræðu.

Kirkjuráð samþykkti að forseti, framkvæmdastjóri og sviðsstjóri fasteignasviðs vinni áfram að drögunum sem kirkjuráði verða send í kjölfar fundar.

---

## 3. KIRKJUÞING 2014

---

a) *10. fundur Kirkjuþings 2014 í Neskirkju laugardaginn 17. janúar nk.*

Rætt var um fyrirkomulag 10. fundar kirkjuþings.

b) *Innanríkisráðherra flutti 30. mál kirkjuþings sem er tillaga til þingsályktunar um viðaukasamning við Samkomulag íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar um kirkjujarðir og launagreiðslur presta og starfsmanna þjóðkirkjunnar frá 10. janúar 1997. Tillagan verður áfram til umfjöllunar á 10. fundi kirkjuþings laugardaginn 17. janúar nk.*

Kirkjuráð leggur áherslu á að við afgreiðslu málsins á kirkjuþingi sé það haft í huga að fjármál kirkjunnar eru enn til skoðunar hjá innanríkisráðherra. Innanríkisráðherra hefur falið Sigurði Þórðarsyni fv. ríkisendurskoðenda að komast til botns í málefnum er varða sóknargjöld þjóðkirkjunnar og annarra trú- og lífsskoðunarfélaga og upphæð þeirra. Kirkjuráð leggur áherslu á að í ljósi þessa hljóti það að koma til skoðunar á kirkjuþingi að málinu verði vísað til kirkjuþings 2015 til afgreiðslu.

Verði niðurstaða kirkjuþings sú að samþykkja viðaukasamning innanríkisráðherra, leggur kirkjuráð áherslu á að það verði ekki gert nema með fyrirvara um að ríki og kirkja vinni á árinu 2015 að niðurstöðu samkomulagsins til framtíðar.

*c) Lögfræðiálit Gests Jónssonar, hrl. um kirkjujarðasamkomulagið.*

Fyrir kirkjuþingi liggur tillaga innanríkisráðherra um viðaukasamning við kirkjujarðasamkomulagið sbr. lið 3b í fundargerð. Kirkjuráð fól Gest Jónssyni hrl. að vinna minnisblað fyrir kirkjuráð um kirkjujarðasamkomulagið.

Lögfræðiálit Gests Jónsson, hrl. um kirkjujarðasamkomulagið lagt fram til kynningar.

*d) Ný ályktun um frumvarp til breytinga á hegningarlögum.*

Ákveðið var að biskup flytti tillögu um stuðning kirkjuþings við framkomu frumvarp á Alþingi um afnám fangelsisrefsinga í almennum hegningarlögum nr. 19/1940 fyrir tjáningu skoðana.

Biskup mun óska eftir því við forsætisnefnd að málið verði tekið fyrir á 10. fundi kirkjuþings sem haldinn verður laugardaginn 17. janúar nk.

---

#### 4. FASTEIGNIR

---

*a) Úttekt á Reynivöllum.*

Úttektarskýrsla landsúttektarmanna frá 21. desember 2014 lögð fram ásamt minnisblaði sviðsstjóra lögfræði- og fasteignasviðs Biskupsstofu frá 7. janúar 2015 og greinargerð ábúenda 23. október 2014.

Þann 23. október 2014 fór fram úttekt á prestssetursjörðinni Reynivöllum, Kjósarhreppi, í tilefni af starfs- og ábúðarlokum sr. Gunnars Kristjánssonar. Úttektin fór fram á grundvelli ábúðarlaga nr. 80/2004. Fráfarandi mun skila jörðinni af sér á fardögum að vori 2015.

Niðurstaða matsins er sú að verðmæti kaupskyldra eigna fráfarandi sé kr. 6.167.554 og greiðist úr kirkjumálasjóði.

Kirkjuráð samþykkti niðurstöðu landsúttektarmanna og samþykkti að fela framkvæmdastjóra að ljúka uppgjöri við fráfarandi.

*b) Úttekt í Hruna.*

Úttektarskýrsla landsúttektarmanna frá 12. desember 2014 lögð fram ásamt minnisblaði sviðsstjóra lögfræði- og fasteignasviðs Biskupsstofu frá 7. janúar 2015.

Þann 29. september 2014 fór fram úttekt á prestssetursjörðinni Hruna í tilefni af starfs- og ábúðarlokum sr. Eiríks Jóhannssonar. Úttektin fór fram á grundvelli ábúðarlaga nr. 80/2004. Fráfarandi skilaði jörðinni af sér þann 1. september 2014.

Niðurstaða matsins er sú að verðmæti kaupskyldra eigna fráfarandi sé kr. 952.200 og greiðist það úr kirkjumálasjóði.

Kirkjuráð samþykkti niðurstöðu landsúttektarmanna og samþykkti að fela framkvæmdastjóra að ljúka uppgjöri við fráfarandi.

*c) Staðastaður, bréf frá sóknarpresti um breytingu á nýtingu útihúsa.*

Bréf til fasteignasviðs frá sóknarprestinum á Staðastað lagt fram til kynningar.

Sóknarprestur óskar eftir heimild til að endurskilgreina notkun á útihúsum á Staðastað svo þau geti nýst söfnuðinum og kirkjustarfinu betur. Á Staðastað eru útihús sem skiptast í geymslu, hlöðu og fjárhús. Ef fjármagn fæst, styrkir og tilskilin leyfi óskar sóknarpresturinn eftir leyfi til að skoða möguleika á að endurskilgreina notkun á útihúsunum á Staðastað.

Kirkjuráð hafnaði erindinu, því það er talið rýra gildi eignarinnar að afhenda hluta úr prestssetrinu.

*d) Nýtt húsnæði Biskupsstofu*

Á fundi kirkjuráðs þann 16. desember 2014 var fjallað um ástandsskýrslu verkfræðistofunnar VERKÍS um fasteignina Laugaveg 31, Reykjavík - kirkjuhúsið. Í framhaldi af því var lögfræði- og fasteignasviði falið að kanna möguleika á öðru húsnæði þ.e. kaupum á öðru eða nýbyggingu.

Minnisblað fasteignasviðs frá 14. janúar sl. lagt fram til kynningar.

Kirkjuráð samþykkti að fela framkvæmdastjóra og sviðsstjóra fasteignasviðs að vinna málið áfram.

---

## 5. FJÁRMÁL

---

*a) Úthlutun úr Jöfnunarsjóði sókna*

Kirkjuráð samþykkti eftirfarandi úthlutun úr Jöfnunarsjóði sókna:

<b>Jöfnunarsjóður sókna 2015</b>	
<b>prófastsdæmi/sóknir</b>	<b>Samþykkt kirkjuráðs 2015</b>
<b>Höfuðkirkjur</b>	<b>39.000.000</b>
Dómkirkjan í Reykjavík	3.500.000
Hóladómkirkja	7.500.000
Skálholt	11.000.000
Hallgrímskirkja í Reykjavík	15.000.000
Hallgrímskirkja í Saurbæ	2.000.000
<b>Suðurprófastsdæmi</b>	<b>10.400.000</b>
Þykkvabæjarklausturssókn	1.500.000
Marteinstungusókn	700.000
Stokkseyrarsókn	1.500.000
Eyrarbakkasókn	2.000.000
Hraungerðissókn	1.000.000
Stóra-Núpsókn	1.500.000
Miðdalssókn	200.000
Þingvallasókn	500.000
Minningarkapella Jóns Steingrímssonar	1.500.000
<b>Kjalarnesprófastsdæmi</b>	<b>13.500.000</b>
Útskálasókn	1.000.000
Keflavíkursókn	3.000.000
Bessastaðasókn	6.000.000
Kálfatjarnarsókn	1.000.000
Brautarholtssókn	2.500.000
<b>Reykjavíkurprófastsdæmi eystra</b>	<b>15.000.000</b>
Kársnessókn	3.000.000
Lindasókn	5.000.000
Breiðholtssókn	3.000.000
Grafarvogssókn	4.000.000
<b>Reykjavíkurprófastsdæmi vestra</b>	<b>15.000.000</b>
Seltjarnarnessókn	2.500.000
Laugarnessókn	3.000.000
Ássókn	1.500.000
Langholtssókn	3.000.000
Grensássókn	5.000.000
<b>Vesturlandsprófastsdæmi</b>	<b>23.650.000</b>
Bæjarsókn	250.000
Reykholtssókn	5.600.000
Gilsbakkasókn	250.000

Stafholtssókn	1.000.000
Borgarnessókn	6.000.000
Akrasókn	500.000
Staðarhraunssókn	250.000
Kolbeinsstaðasókn	100.000
Fáskrúðabakkasókn	100.000
Staðastaðarsókn	100.000
Búðasókn	100.000
Hellnasókn	100.000
Bjarnarhafnarsókn	500.000
Stykkishólmssókn	7.000.000
Breiðabólstaðarsókn	300.000
Stóra-Vatnshornssókn	1.000.000
Ólafsvíkursókn	500.000
<b>Vestfjarðaprófastsdæmi</b>	<b>22.200.000</b>
Þingeyrarsókn	2.400.000
Flateyrarsókn	750.000
Hólssókn	7.700.000
Unaðsdalssókn	300.000
Hól mavíkursókn	2.000.000
Árnessókn	200.000
Reykhólasókn	750.000
Breiðuvíkursókn	100.000
Sauðlauksdalssókn	100.000
Patreksfjarðarsókn	1.000.000
Hagasókn	1.000.000
Stóra -Laugardalssókn	5.900.000
<b>Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi</b>	<b>6.900.000</b>
Melstaðarsókn	1.500.000
Prestbakkasókn	1.500.000
Hvammstangasókn	2.000.000
Breiðabólstaðarsókn	250.000
Höskuldsstaðasókn	750.000
Höfðasókn	750.000
Reynistaðarsókn	150.000
<b>Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi</b>	<b>13.000.000</b>
Siglufjarðarsókn	2.000.000
Ólafsfjarðarsókn	3.100.000
Upsasókn	1.500.000
Laufáss- og Grenivíkursókn	500.000
Ljósavatnssókn	800.000

Þverársókn	500.000
Grenjaðarstaðarsókn	200.000
Húsavíkursókn	1.000.000
Þórshafnarsókn	3.400.000
<b>Austurlandsprófastsdæmi</b>	<b>11.900.000</b>
Skeggjastaðasókn	200.000
Vopnafjarðarsókn	1.500.000
Sleðbrjótssókn	150.000
Kirkjubæjarsókn	200.000
Egilsstaðasókn	200.000
Eskifjarðarsókn	3.650.000
Reyðarfjarðarsókn	2.500.000
Stöðvarfjarðarsókn	1.200.000
Heydalasókn	800.000
Djúpavogssókn	1.500.000
<b>Sóknir og höfuðkirkjur alls</b>	<b>170.550.000</b>
<b>Stuðningur við söfnuði erlendis</b>	<b>2.900.000</b>
Íslenski söfnuðurinn í Kaupmannahöfn	800.000
Íslenski söfnuðurinn í Gautaborg	800.000
Íslenski söfnuðurinn í London	800.000
Íslenska Kirkjan í Lúxemborg	500.000
<b>Styrkur við mannlausar sóknir og bænahús</b>	<b>450.000</b>
Efra Núpskirkja	200.000
Selárdalskirkja	250.000
<b>Sóknir og höfuðkirkjur alls</b>	<b>170.550.000</b>
<b>Stuðningur við söfnuði erlendis</b>	<b>2.900.000</b>
<b>Styrkur við mannlausar sóknir og bænahús</b>	<b>450.000</b>
<b>Samtals:</b>	<b>173.900.000</b>

Kirkjuráð samþykkti að fela framkvæmdastjóra að hefja viðræður við fulltrúa Hellnasóknar um umsókn Hellnasóknar.

Kirkjuráð samþykkti að fela framkvæmdastjóra að ræða við fulltrúa Eiðasóknar og hvetja þá til að skila umsókn á réttum tíma.

*b) Úthlutun úr kirkjumálasjóði*

Kirkjuráð samþykkti eftirfarandi fjárhagsáætlun Kirkjumálasjóðs vegna ársins 2015:

<b>Rekstraráætlun Kirkjumálasjóðs 2015</b>	<b>Samþykkt kirkjuráðs</b>
Áætlaður tekjuhali	<b>-73.350.000</b>

<b>TEKJUR</b>	<b>536.800.000</b>
<b>Fjárveiting á fjárlögum</b>	<b>402.800.000</b>
Kirkjumálasjóður skv. lögum nr. 138/1993	273.200.000
Kristnisjóður skv. lögum nr. 35/1970	72.000.000
Stofnkostnaðar í Skálholti	4.000.000
15% af tekjum Jöfnunarsjóðs sókna	53.600.000
<b>Leigutekjur</b>	<b>86.700.000</b>
Húsaleiga og kostnaðarhlutdeild Kirkjugarðaráðs	1.200.000
Húsaleiga og kostnaðarhlutdeild Skálholtsútgáfunnar	4.500.000
Húsaleiga Tónskólans	2.000.000
Húsaleiga vegna prestssetra og biskupssetra	55.000.000
Húsaleiga vegna Skálholts	8.000.000
Aðrar leigutekjur	8.000.000
Lóða og landréttindaleiga	8.000.000
<b>Aðrar tekjur</b>	<b>26.300.000</b>
Fjölskylduþjónustan - (fors. 525 viðtöl @ kr. 4.000,-)	2.100.000
Fjölskylduþjónustan - frá héraðssjóðum	
Þjónustusvið - námskeið	0
Kostnaðarhlutdeild Kirkjugarðasjóðs í skrifstofukostnaði	4.000.000
Kostnaðarhlutdeild Jöfnunarsjóðs sókna í skrifstofukostnaði	17.700.000
Kostnaðarhlutdeild Strandarkirkju í skrifstofukostnaði	200.000
Kostnaðarhlutdeild Tónskólans í skrifstofukostnaði	200.000
Kostnaðarhlutdeild Skálholts í skrifstofukostnaði	500.000
Kostnaðarhlutdeild Hins Íslenska Biblíufélags	600.000
Jöfn. v túlkapjónustu við kirkjulegar athafnir	1.000.000
Leikmannastefna	0
Mennta- og menningarmálaráðuneytið v. H.P.	
Frá prófastsdæmum vegna Fjölís	
Kostnaðarhlutdeild Jöfnunarsjóðs í launum	0
<b>Vaxtatekjur</b>	<b>1.000.000</b>
<b>Hagnaður af eignasölu - sjá yfirlit um eignasölu 2014</b>	<b>20.000.000</b>
<b>GJÖLD</b>	<b>610.150.000</b>
<b>Kirkjumálasjóður - framlög</b>	<b>143.500.000</b>
Styrkur vegna kirkjutónlistarmála	19.000.000
Styrkur til Biskupsstofu vegna hagræðingarkröfu	71.000.000
Framlag til Biskupsstofu - ígildi eignasölu	49.000.000
Viðbót vegna hagræðingarkröfu	4.500.000
<b>Kirkjuþing</b>	<b>25.000.000</b>
Kirkjuþing - almennur rekstur	21.100.000
<b>Kirkjuþing - forsætisnefnd</b>	700.000
<b>Kirkjuþing - allsherjarnefnd</b>	700.000
<b>Kirkjuþing - fjárhagsnefnd</b>	700.000
<b>Kirkjuþing - laganefnd</b>	700.000
Kirkjuþing - kirkjuþing unga fólksins	600.000



Kirkjuþing - þingmálafundir	500.000
<b>Kirkjuráð</b>	<b>22.000.000</b>
<b>Biskup Íslands - rekstrarkostnaður</b>	<b>15.500.000</b>
Biskup Íslands - biskup Íslands - rekstrarkostnaður	5.000.000
Biskup Íslands - vígslubiskup í Skálholti – rekstrarkostnaður	2.000.000
Biskup Íslands - höfuðbiskupafundur í Reykjavík	300.000
Biskup Íslands - vígslubiskup á Hólum	2.000.000
Biskup Íslands - biskupafundur	600.000
Biskup Íslands - prófastafundur	600.000
Biskup Íslands - prestastefna	4.000.000
Biskup Íslands - leikmannastefna	1.000.000
<b>Þjónusta við söfnuði - verkefni</b>	<b>14.000.000</b>
<b>Skrifstofa og mannauður</b>	<b>151.600.000</b>
Skrifstofa og mannauður - laun.v. 12,6	104.500.000
Skrifstofa og mannauður - almennur rekstur (+Fjölskþj.2015)	40.000.000
Skrifstofa og mannauður - lífeyrishækkarnir	1.600.000
Skrifstofa og mannauður - bóka- og skjalasafn	200.000
Skrifstofa og mannauður - endurmenntun og starfsþróun	1.000.000
Skrifstofa og mannauður - handleiðsla presta og djákna	2.600.000
Skrifstofa og mannauður - starfsþjálfun prestsefna	350.000
Skrifstofa og mannauður - starfsþjálfun djáknaefna	350.000
Skrifstofa og mannauður - framlag til starfsmannafélags	1.000.000
<b>Stjórnsýsla</b>	<b>6.200.000</b>
Stjórnsýsla - upplýsingatækni - aðgangur að þjóðskrá	2.200.000
Stjórnsýsla - upplýsingatækni félagatal þjóðkirkjunnar	1.000.000
Stjórnsýsla - aðkeypt þjónusta	2.000.000
Stjórnsýsla - Fjölís	1.000.000
<b>Kirkjumálasjóður - fasteignir og vaxtakostnaður</b>	<b>170.000.000</b>
Fasteignir alls	140.000.000
Vaxtakostnaður	30.000.000
<b>Fræðslumál - styrkir</b>	<b>23.150.000</b>
Samningur við Guðfræði- og trúarbragðadeild	3.000.000
Kirkjumiðstöðin Holti	700.000
Kirkjumiðstöðin Reykholti	700.000
Fræðslusjóður Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmis	300.000
Kirkjumiðstöð Austurlands, rekstur	3.000.000
Kirkjumiðstöð Vestmannsvatn, æskulýðsstarf	900.000
Löngumýri í Skagafirði rekstrarkostnaður	6.500.000
Skógarmenn KFUM	1.000.000
Kristileg skólahreyfing	200.000
Æskulýðssamband Þjóðkirkjunnar Landsmót	1.000.000
Æskulýðssamband Þjóðkirkjunnar rekstur	4.500.000
Kvennaathvarfið	250.000
Daginn í dag - Kirkjuhúsið - Skálholtsútgáfan	1.000.000

Námskeið um forvarnir gegn sjálfsvígum	100.000
<b>Kærleikspjónusta, hjálparstarf og boðun - styrkir</b>	<b>13.800.000</b>
Kirkja heyrnalausra (safnaðarstarf)	300.000
Hjálparstarf kirkjunnar	10.000.000
Samband íslenskra kristniboðsfélaga	2.000.000
Túlkapjónusta og nám fyrir prest heyrnarlausra	1.500.000
<b>Menning - styrkir</b>	<b>6.300.000</b>
Guðbrandsstofnun á Hólum	1.500.000
Kirkjur Íslands (samningur)	1.500.000
Siðfræðistofnun (samningur)	300.000
Hið Íslenska Biblíufélag - 200 ára afmæli	3.000.000
<b>Prests- og djáknaþjónusta - styrkir</b>	<b>1.100.000</b>
Kvennakirkjan	200.000
Samstarfsverkefni Laugarneskirkju og Biskupsstofu Djáknastaða	900.000
<b>Ráðstöfunarfé biskups - styrkir</b>	<b>3.000.000</b>
<b>Nefndarstarf</b>	<b>15.000.000</b>
Úrskurðarnefnd	1.000.000
Áfrýjunarnefnd	500.000
Kenningarnefnd	200.000
Þóknananefnd	200.000
Launanefnd þjóðkirkjunnar	100.000
Valnefndir	500.000
Kjörstjórn o.fl. vegna prestskosninga	1.000.000
Fagráð um meðferð kynferðisafbrotá v. 2013	300.000
Jafnréttisnefnd	350.000
Æskulýðsnefnd	350.000
Djáknanefnd	50.000
Samkirkjunefnd	600.000
Þjóðmálanefnd	500.000
Helgisiðanefnd	250.000
Handbókarnefnd	250.000
Sálmabókarnefnd	1.000.000
Perikópunefnd	250.000
Kristniboðs- og hjálparstarfsnefnd	130.000
Ellimálanefnd	180.000
Hópslysanefnd	1.190.000
Samstarfsnefnd kristinna trúfélaga	150.000
Samstarfsvettvangur trúarbragðanna	150.000
Nefnd um fimm alda minningu siðbótarinnar	3.000.000
Stofnun dr. Sigurbjörns Einarssonar	500.000
Starfshópur um stefnumótun stjórnsýslunnar	1.000.000
Viðræðunefnd um kirkjujarðasamkomulagið	500.000
Nefnd um fjölgun meðlima í þjóðkirkjunni	500.000
Nefnd um breytingar á starfsreglum um kjör til Kirkjupings	300.000

<b>Greiðsluáætlun Kirkjumálasjóðs 2015</b>	
<b>Innorganir</b>	<b>Samþykkt kirkjuráðs</b>
Fjárlög o.fl.	402.800.000
Leigutekjur	86.700.000
Aðrar tekjur	26.300.000
Vaxtatekjur	1.000.000
Seldar eignir	70.000.000
Innborgun vegna Kálfafellsstaðar	13.500.000
Innorganir vegna seldra prestsbústaða	3.000.000
	<b>603.300.000</b>

<b>Útorganir</b>	<b>Samþykkt kirkjuráðs</b>
Styrkur vegna kirkjutónlistarmála	19.000.000
Styrkur til Biskupsstofu vegna hagræðingarkröfu	71.000.000
Framlag til Biskupsstofu - ígildi eignasölu	49.000.000
Viðbót til Biskupsstofu vegna hagræðingarkröfu	4.500.000
Kirkjuþing	25.000.000
Kirkjuráð	22.000.000
Biskupsþjónustan	15.500.000
Þjónusta við söfnuði	14.000.000
Skrifstofa og mannauður	151.600.000
Stjórnsýsla	6.200.000
Fasteignir	140.000.000
Greiddir vextir og verðbætur	16.000.000
Afborganir langtímalána	14.000.000
Kristnisjóður styrkir	44.350.000
Ráðstöfunarfé Biskups	3.000.000
Kristnisjóður nefndastarf	15.000.000
	<b>610.150.000</b>
Innorganir - útorganir	<b>-6.850.000</b>
Sjóður 1.1. 2015	<b>31.800.000</b>
<b>Áætlaður sjóður 31.12.2015</b>	<b>24.950.000</b>

Kirkjuráð samþykkti að greiða úr Kirkjumálasjóði 12,1 m.kr. til Biskupsstofu vegna launabóta árið 2014.

c) Rekstraráætlanir jöfnunarsjóðs, kirkjumálasjóðs og Biskupsstofu

Kirkjuráð samþykkti eftirfarandi fjárhagsáætlun:

<b>Fjárhagsáætlun 06-701 Þjóðkirkjunnar 2015</b>		<b>Samþykkt kirkjuráðs</b>
<b>Skýr.</b>	<b>Gjöld</b>	
<b>1</b>	Prestar	1.284.825.522
	Biskup Íslands	16.562.881
	Vígslubiskup í Skálholti	13.666.510
	Vígslubiskup á Hólum	12.915.086
<b>2</b>	Prófastar	23.061.673
<b>3</b>	Náms- og veikindaleyfi	40.602.430
	Aukaeningar í fjölmönnum prestaköllum	10.116.409
	Einingar vegna niðurlagðra prestakalla	16.687.418
<b>4</b>	Rekstrarkostnaður presta og prófaste	139.398.941
<b>5</b>	Laun Biskupsstofu	128.445.578
<b>6</b>	Rekstrarkostnaður Biskupsstofu	0
	<b>Gjöld samtals</b>	<b>1.686.282.449</b>
	<b>Tekjur</b>	
	Fjárlög 2015	1.486.600.000
	Greitt frá Jöfnunarsjóði sókna	75.500.000
	Greitt frá Kirkjumálasjóði	124.500.000
	<b>Tekjur samtals</b>	<b>1.686.600.000</b>
	<b>Áætlaður tekjuafgangur</b>	<b>317.551</b>

<b>Skýringar</b>	
<b>1</b>	126 prestar á launum sem miðast við 10,2 m.kr. laun á ári - með 3,5% launahækkun árið 2015
<b>2</b>	9 prófastar á viðbótarlaunum
<b>3</b>	Veikindaleyfi 34 mánuðir og námsleyfi 14 mánuðir
<b>4</b>	Rekstrarkostnaður vegna presta og prófaste - með 2,3% hækkun frá 2014
<b>5</b>	Samtals 13,6 stöðugildi á Biskupsstofu
<b>6</b>	Gengið er út frá að rekstur Biskupsstofu verði á Kirkjumálasjóði

e) Nefnd um fimm alda minningu siðbótarinnar.

Erindi frá Gunnari J. Gunnarssyni, formanni þar sem óskað er eftir því að þar sem undirbúningur verkefna hefur gengið hægar en áætlað var hefur úthlutuðum fjármunum ekki verið ráðstafað að fullu á árinu og farið á leit við kirkjuráð að þeir fjármunir, sem eftir verða af fjárveitingu ársins 2014, verði færðir yfir á næsta ár og bætist þannig við fjárveitingu ársins 2015.

Kirkjuráð samþykkti erindi formanns.

f) Erindi frá þjónustusviði Biskupsstofu.

Erindið varðar flutning á vef efnisveitunnar yfir í annað vefumsjónarkerfi og heimild til að nýta ónýtta fjárheimild ársins 2014 að upphæð allt að 500.000 krónur til að fjármagna þá vinnu.

Kirkjuráð samþykkti erindi þjónustusviðs.

---

## 6. SKÁLHOLT

---

a) *Skipun stjórnar Skálholtsstaðar og erindisbréf stjórnar.*

Kirkjuráð samþykkti að fela framkvæmdastjóra að ljúka erindisbréfi stjórnar Skálholtsstaðar fyrir næsta fund kirkjuráðs.

b) *Skipun skólaráðs Skálholtsskóla.*

Í 11. gr. starfsreglna um kirkjuráð er greint frá því að kirkjuráð skuli skipa Skólanefnd Skálholtsskóla, sbr. lög um Skálholtsskóla nr. 22/1993. Kirkjuráð skal skipa þrjá aðalmenn og þrjá til vara, til fjögurra ára í senn frá og með 1. júlí árið eftir kirkjuþingskjör og jafnframt ákveða hver er formaður nefndar og varamaður hans, nema lög eða starfsreglur mæli annan veg.

Kirkjuráð mun skipa skólaráð Skálholtsskóla fyrir 1. júlí nk.

---

## 7. NEFND TIL AÐ FJÖLGA Í ÞJÓÐKIRKJUNNI

---

Á síðasta fundi kirkjuráðs var eftirfarandi bókað:

Kirkjuráð samþykkti, að tillögu biskups, að fela sóknarprestum og sóknarnefndum þjóðkirkjunnar að vinna að fjölgun meðlima þjóðkirkjunnar hverri í sinni sókn.

Kirkjuráð mun á næsta fundi sínum skipa þriggja manna starfshóp til að koma með tillögur að verkferlum og styðja sóknarpresta og sóknarnefndir í þessu verkefni.

Kirkjuráð samþykkti að fela framkvæmdastjóra að ræða við hugsanlega fulltrúa í starfshópinn.

---

## 8. SKIPUN KIRKJUTÓNLISTARRÁÐS

---

Kirkjuráð óskaði tilnefninga frá Félagi íslenskra organista og Prestafélagi Íslands í nýtt kirkjutónlistarráð þjóðkirkjunnar. Auk þeirra hefur biskup Íslands tilnefnt formann og varamann hans.

Kirkjuráð samþykkti að skipa eftirtalda aðila í kirkjutónlistarráðið:

Samkvæmt tilnefningu biskups; Guðný Einarsdóttir, formaður, varamaður er Guðmundur Sigurðsson.

Samkvæmt tilnefningu Félagi íslenskra organleikara; Kári Allansson, varamaður er Helga Þórdís Guðmundsdóttir.

Samkvæmt tilnefningu stjórnar Prestafélags Íslands; dr. Sigurjón Árni Eyjólfsson, varamaður er sr. Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir.

---

## 9. REGLUR UM STJÓRNSÝSLU OG STARFSHÆTTI KIRKJURÁÐS

---

Reglur um stjórnarsýslu og starfshætti kirkjuráðs lagðar fram til umræðu.

Málin var frestað til næsta fundar.

---

## 10. ÖNNUR MÁL

---

Ekkert undir þessum lið.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:50.

Næsti fundur kirkjuráðs verður haldinn á Biskupsstofu þriðjudaginn 10. febrúar 2015 kl 9:30.

Agnes M. Sigurðardóttir  
biskup Íslands

Þorvaldur Víðisson  
biskupsritari